

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

### Herbimoss munnsogstöflur

Útdráttur úr fjallagrösum

#### **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækjinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækjinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

#### **Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Herbimoss og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Herbimoss
3. Hvernig nota á Herbimoss
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Herbimoss
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Herbimoss og við hverju það er notað**

Herbimoss inniheldur útdrátt úr fjallagrösum. Lyfið er hefðbundið náttúruylf sem notað er til að draga úr ertingu í slímhúð í munni og koki ásamt þurrum hósta, hjá fullorðnum og unglungum 12 ára og eldri.

Herbimoss er hefðbundið náttúruylf sem notað er við tilgreindum ábendingum, eingöngu byggt á langri reynslu.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Herbimoss**

##### **Ekki má nota Herbimoss**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir útdrætti úr fjallagrösum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

##### **Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá lækjnum eða lyfjafræðingi áður en Herbimoss er notað.

- Ef vart verður við öndunarefiðleika, hita eða gröft í hráka á að leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi.
- Herbimoss getur seinkað frásogi lyfja sem tekin eru samtímis. Ekki á að taka nein önnur lyf hálfri til einni klukkustund fyrir eða eftir töku Herbimoss.
- Ef einkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga eftir að byrjað er að taka lyfið, skaltu ráðfæra þig við lækni.

##### **Börn og unglingar**

Ekki á að nota Herbimoss munnsogstöflur handa börnum yngri en 12 ára þar sem samsetning munnsogstöflunnar býður ekki upp á aðlögun skammta. Munnsogstöflur henta ekki fyrir börn yngri en 6 ára.

##### **Notkun annarra lyfja samhliða Herbimoss**

Látið lækjinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ekki hefur verið tilkynnt um að Herbimoss hafi áhrif á verkun annarra lyfja.

### **Notkun Herbimoss með mat, drykk eða áfengi**

Ekki á að borða eða drekka strax eftir að Herbimoss er tekið, þar sem það gæti fjarlægt lyfið of snemma af slímhúð í munni og koki.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ekki er ráðlagt að nota Herbimoss á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf, þar sem fullnægjandi gögn um notkun útdráttar úr fjallagrösum á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf liggja ekki fyrir.

### **Akstur og notkun véla**

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum á hæfni til aksturs og notkunar véla.

### **Herbimoss inniheldur ísómalt (E953) og bútýlhýdroxýanisól (E320)**

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

Bútýlhýdroxýanisól getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu) eða ertingu í auga og slímhúðum.

## **3. Hvernig nota á Herbimoss**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur fyrir **fullorðna og unglina 12 ára og eldri** er 1 munnsgöstafla átta sinnum á dag.

#### **Aldraðir**

Ekki er nauðsynlegt að breyta skömmtum.

#### **Skert nýrna- og/eða lifrarstarfsemi**

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á lyfjahvörfum.

#### **Lyfjagjöf**

Leysa á munnsgöstafluna upp í munninum.

Ekki á að borða eða drekka strax eftir að Herbimoss er tekið, þar sem það gæti fjarlægt lyfið of snemma af slímhúð í munni og koki.

#### **Lengd notkunar**

Ef einkenni eru viðvarandi lengur en í eina viku meðan lyfið er notað á að leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ekki á að taka stærri skammta en ráðlagt er. Ekki hefur verið tilkynnt um ofskömmtun.

### **Ef gleymist að nota Herbimoss**

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):

- ofnæmisviðbrögð sem koma vanalega fram sem kláði, hitaþot í húð, mæði eða þroti í andliti, vörum og tungu.

Ef aukaverkanir koma fram á að hætta notkun lyfsins og ræða við lækinn.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn eða lyfjafraeðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Herbimoss**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Herbimoss inniheldur**

- Virka innihaldsefnið er útdráttur úr fjallagrösum. Hver munnsogstafla inniheldur 3 mg af útdrætti (sem þurr útdráttur) úr *Cetraria islandica* (L.) Acharius s.l., thallus (sem jafngildir 90 mg til 120 mg af fjallagrösum).  
Leysir til útdráttar: vatn.
  - Önnur innihaldsefni (hjálparefni) eru askorbínsýra (E300), mannítól (E421), eplasýra (E296), súkralósi (E955), náttúrulegt appelsínubragðefni, náttúrulegt sítrusbragðefni (bútýlhýdroxýanisól (E320)), lituð túrmerikolía og ísómalt (E953).
  - Hjálparefni notuð í útdráttinn: ísómalt (E953) og vatnsfrí kísilkvoða.
- Sjá kafla 2 „Herbimoss inniheldur ísómalt (E953) og bútýlhýdroxýanisól (E320)“.

### **Lýsing á útliti Herbimoss og pakkningastærðir**

Munnsogstöflurnar eru nánast kringlóttar, með skábrúnum og hrjúfu yfirborði, gular eða gulbrúnar á lit. Munnsogstöflurnar gætu innihaldið dekkri agnir, ljósari bletti, loftbólur og litlar hvassar brúnir. Stærð munnsogstöflu: þvermál u.þ.b. 19 mm og þykkt u.þ.b. 8 mm.

Munnsogstöflurnar eru fánlegar í öskjum sem innihalda 8, 16, 24, 32 eða 40 munnsogstöflur í þynnum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

KRKA, d.d., Novo mesto  
Šmarješka cesta 6  
8501 Novo mesto  
Slóvenía

*Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið*

LYFIS ehf.  
Sími: 534 3500  
Netfang: lyfis@lyfis.is

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2024.**

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).